

16
31. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Við 1. gr., staflið 2. Orðið „olíufóðurkökum“ falli burt.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir stafliðunum. Á eftir orðunum „til tilbúin áburðarefni“ komi: olíukökur.

Við 1. gr., niðurlagsákvæðin á eftir stafliðunum. Á eftir orðunum „til aðgerðar“ í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: endursendar umbúðir um útfluttar iðnaðarvörur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.